

Innviðaráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson

Varðar: Kvörtun vegna framkvæmd sveitarstjórnarfunda í Strandabyggð

Hér með óska ég eftir í samræmi við XI. kafla Sveitarstjórnarlaga (138/2011) að Innviðaráðuneytið taki til skoðunar misbresti á stjórnarsýslu sveitarfélagsins Strandabyggðar. Málið varðar að framkvæmd sveitarstjórnarfunda hefur ekki verið í samræmi við samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarfélagssins Strandabyggðar (<http://www.strandabyggd.is/stjornsysla/tilkynningar/skra/707/>) né almenn fundarsköp sbr. 19. gr. Sveitarstjórnarlaga. Fundargerðir hafa ekki verið bókaðar með þeim hætti sem „Auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerðar sveitarstjórna“ segir fyrir um og þá sérstaklega 5. grein auglýsingarinnar sem gefin var út af Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dagssett 4.10.2021.

Greinargerð

Við athugun milli bókunar á sveitarstjórnarfundum og upptökum af sömu fundum kom í ljós misræmi milli þess sem var bókað og þess sem gerðist á fundinum. Þetta misræmi kom fram í 30 atvikum þar sem annað var bókað í fundargerð en það sem sést að fór fram á upptöku af fundunum. (<https://www.youtube.com/channel/UCeljqjE2w2-V0IMQ9ZxplvA>). Þetta voru 5 sveitarstjórnarfundir nr. 1333, 1335, 1336, 1337 og 1338.

Almennt má segja að atkvæðagreiðslur um mál hafi ekki farið fram heldur að ýmist skrifar fundarritari að málið hafi verið samþykkt samhljóða eða oddviti tilkynnir að málið sé samþykkt samhljóða eða samhljóma, án þess að atkvæðagreiðsla fari fram. Einstaka sinnum eru sveitarstjórnarfulltrúar beðnir um að greiða atkvæði og í nokkrum tilvikum er oddvita bent á að greiða þurfi atkvæði.

Í framhaldi af þessari athugun var sveitarstjórn Strandabyggðar sent bréf (fylgir með í viðhengi ásamt lista yfir þau 30 atvik sem misræmi kom fram) dags. 21.11.2022 þar sem bornar voru fram eftirfarandi spurningar.

1. Telur sveitarstjórn Strandabyggðar að fundargerðir sem hér um ræðir þ.e. fundargerðir Sveitarstjórnarfunda 1333, 1335, 1336, 1337 og 1338 séu réttar og í samræmi við það fram fór á fundunum?
2. Telur sveitarstjórn Strandabyggðar að farið hafi verið að samþykktum um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar við framkvæmd Sveitarstjórnarfunda 1333, 1335, 1336, 1337 og 1338?
3. Hvernig ætlar sveitarstjórn Strandabyggðar að bregðast við því að búið er að framkvæma mál sem ekki voru greidd atkvæði um á Sveitarstjórnarfundum 1333, 1335, 1336, 1337 og 1338 og geta því ekki talist að hafi verið samþykkt formlega?
4. Gerir sveitarstjórn Strandabyggðar ráð fyrir að tilkynna eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga og/eða endurskoðendum Strandabyggðar um þessa ágalla á fundargerðum Sveitarstjórnarfunda 1333, 1335, 1336, 1337 og 1338 þ.e. að ranglega hafi verið bókað að málefni væru samþykkt?

Svar við bréfinu kom í tölvupósti daginn eftir þ.e. 22.11.2022 og var eftirfarandi:

„Sæl Hafdís,

Ég vil byrja á að þakka þér fyrir bréfið og þann áhuga sem þú sýnir á stjórnslu Strandabyggðar. Það er mikils virði fyrir sveitarfélagið að íbúar tjái sig og séu vakandi um þróun sveitarfélagsins.

Hingað til höfum við í sveitarstjórn talið að sveitarstjórnarfundir hafi farið fram venju og reglum samkvæmt. Það má alltaf gera betur, skerpa á formsatriðum og auka enn á skýrleika í meðferð mála og því eru þínar ábendingar vel þagnar.

Hins vegar er það svo, að samkvæmt lögfræðideild Sambands íslenskra sveitarfélaga, þá er framkvæmd funda ekki eins né samræmd um land allt. Þarna spila inn hefðir, venjur og persónur og leikendur sveitarstjórna á hverjum tíma. Síðan fer þetta auðvitað eftir málum hverju sinni. Það er t.d. ólíklegt að ályktun sem sveitarstjórn samþykkir að gera, t.d. varðandi landbúnað, njóti annars stuðnings ef farið er fram á handauppréttingu í stað þess að oddviti staðfesti að hún sé samþykkt samhljóma. Hún er jú tilkomin vegna þess að sveitarstjórn öll vildi gera slíka ályktun.

Almennt sé, eru mál talin samhljóða afgreidd ef enginn hreyfir andmælum. Í þeim málum sem við vitum að skoðanir eru skiptar, er farið fram á handauppréttingu. Og þá er það skýrt samþykki þess að fundarmenn allir, bæði meirihluti og minnihluti séu sáttir við afgreiðslu mála, þegar fundargerð viðkomandi fundar er lesin yfir og síðan staðfest. Skýrara verður það ekki. Handauppréttingar við afgreiðslu mála eru því ekki alltaf framkvæmdar. En það er engu að síður sjálfsagt að hafa augun opin fyrir því að bæta ferlið og vinnubrögðin, og það munum við gera; strax á næsta fundi.

Kveðja
Þorgeir“

Það er athyglisvert að oddviti telur sig vita hvort skiptar skoðanir eru á málum og það þurfi ekki að greiða atkvæði nema í þeim málum þegar hann veit að skoðanir eru skiptar.

Efni bréfsins hefur ekki verið tekið fyrir á sveitarstjórnarfundum en á sveitarstjórnarfundum 13.12.2022 nr. 1339 var það lagt fram til kynningar og eftirfarandi bókað:

„10. Erindi frá Hafdísí Sturlaugsdóttur varðandi fundarsköp Strandabyggðar, lagt fram til kynningar.

Matthías Sævar Lýðsson vikur af fundinum.

Hlíf Hrólfsdóttir leggur til að spurningum á bls. 2 í bréfinu verði svarað af þeim þremur sveitarstjórnarmönnum sem sitja þennan lið þ.e. Hlíf Hrólfsdóttur, Sigríði G. Jónsdóttur og Jóni Sigmundssyni.

Fulltrúar T-lista telja ekki þörf á því, þar sem hver liður er borinn undir atkvæðagreiðslu og farið er yfir fundargerð í lok fundar. Ef bókun er ekki mótmælt telst hún samþykkt. Tillaga Hlífar er felld með tveimur atkvæðum gegn einu.“

Það má því vera ljóst að ekki stendur til að svara bréfi mínu. Þetta bréf er ekki fyrsta bréfið sem meirihluti sveitarstjórnar Strandabyggðar neita að taka fyrir eða svara. Það er alvarlegt mál að það líðist að stjórnslu sveitarfélagsins Strandabyggðar sé með þeim hætti að ekki séu tekin fyrir þau mál sem

berast sveitarstjórn. Þau lausatök sem hafa verið á sveitarstjórnarfundum í Strandabyggð eru ólíðandi og að bókanir séu ekki í samræmi við það sem þeir sem fylgjast með fundum sjá. Strandabyggð er stjórnvald sem hefur ríkar skyldur og ætti að vera til fyrirmyndar þegar kemur að framkvæmd og stjórn funda og annarri stjórnsýslu.

Virðingarfyllt

Hafdís Sturlaugsdóttir